



Tillaga að:

STARFSLEYFI

Ísfell ehf.

Kt. 480269-4119
Hjalteyrargötu 4
600 Akureyri

-Móttaka á veiðarfæraúrgangi til endurvinnslu -

Leyfið er veitt í samræmi við lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunareftirlit m.s.br. Leyfishafi skal auk þess hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða sem um starfsemina kunna að gilda á hverjum tíma og meðfylgjandi starfsleyfiskilyrðum.

Framsál þessa leyfis er óheimilt. Skytt er að framvísa starfsleyfi og starfsleyfisskilyrðum þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess

Ef breytingar verða á starfseminni skal tilkynna það Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra. Heimilt er að endurskoða og breyta starfsleyfi áður en gildistími þess er liðinn vegna breyttra forsendna, svo sem ef mengun af völdum atvinnurekstrar er meiri en búist var við þegar leyfið var gefið út, ef breytingar verða á rekstrinum sem varðað geta ákvæði starfsleyfis, vegna tækniþróunar eða breytinga á reglum um mengunarvarnir, eða ef breyting verður á aðalskipulagi viðkomandi sveitarfélags.

Starfsleyfis- og eftirlitsgjöld verða innheimt samkvæmt gildandi gjaldskrá Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra hverju sinni þar til tilkynnt hefur verið um stöðvun rekstrar og heilbrigðiseftirlit staðfest það.

Gildir til: **xx.xx.2035**

Akureyri, xx. janúar 2023

**HEILBRIGÐISEFTIRLIT
NORÐURLANDS EYSTRÁ**

Leifur Þorkelsson
heilbrigðisfulltrúi

ALMENN STARFSLEYFISSKILYRÐI FYRIR MENGANDI STARFSEMI

Samræmd starfsleyfisskilyrði vegna mengunarvarna, sbr. 8. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, með síðari breytingum. Sjá einnig auglýsingu nr. 582/2000 um lista yfir mengandi starfsemi þar sem ekki er krafist ítarlegrar starfsleyfisgerðar.

1. ALMENN ÁKVÆÐI OG GILDISSVIÐ

		Rgl.nr.	Uppfyllt
1.1	Sækja skal um nýtt starfsleyfi ef gera á umtalsverðar breytingar á rekstrinum, taki nýr rekstraraðili við eða ef starfsemin flytur.	550/2018	
1.2	Um varnir gegn skaðlegum áhrifum á starfsmenn og starfsumhverfi fer skv. lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.	Lög nr. 46/1980	
1.3	Í starfsleyfi eru skráðar sérstakar kröfur til mengunarvarna sem rekstur þarf að uppfylla.	550/2018	
1.4	Við reksturinn skal leitast við að draga úr álagi á umhverfið, beita bestu aðgengilegu tækni til að ná þeim markmiðum og skipuleggja orkunotkun á sem vistvænastan hátt.	550/2018	
1.5	Rekstraraðili ber ábyrgð á rekstri fyrirtækisins að öllu leyti þar með talið að lögum og reglum, sem eiga við um starfsemina, sé fylgt sem og kröfum í starfsleyfisskilyrðum.	550/2018	
1.6	Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, laga og reglugerða um mengunarvarnir á starfsviði sínu eða fyrirmælum eftirlitsaðila um úrbætur getur eftirlitsaðili beitt ákvæðum XVII. kafla laga nr. 7/1998 til að knýja á um úrbætur.	Lög nr. 7/1998	
1.7	Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum atvinnustarfsemi sinnar sbr. lög nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð og skal koma í veg fyrir tjón eða bæta úr tjóni ef það hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir.	Lög nr. 55/2012	

2. LÓÐ OG HÚSNÆÐI

		Rgl.nr.	Uppfyllt
2.1	Lóð og húsnæði skal vera snyrtilegt og vel við haldið. Við húsnæðið skal vera viðurkennt sorpílát.	737/2003 16. og 18. gr., sbr. rgl. 550/2018	
2.2	Komið skal í veg fyrir að úrgangur og annað sem ekki tilheyrir starfseminni safnist fyrir á lóð.	737/2003 16. og 18. gr., sbr. rgl. 550/2018	
2.3	Fyrirtækið virði það skipulag og nýtingu lóðar sem samþykkt hefur verið af byggingaryfirvöldum.	112/2012	
2.4	Afla ber leyfis fyrir staðsetningu olútanka, sbr. ákvæði reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi.	884/2017	
2.5	Bifreiðum, tækjum, lausamunum, úrgangi og annað sem tilheyrir rekstraraðila skal snyrtilega komið fyrir á umráðasvæði rekstraraðila og þannig að ekki valdi slyshættu. Óheimilt er að nýta bílastæði sem ákveðin eru í skipulagi eða á samþykktum uppdráttum sem slíka geymslu.	112/2012 og rgl. nr. 737/2003	

3. MENGUNARVARNIR

		Rgl.nr.	Uppfyllt
3.1	Forráðamönnum fyrirtækja og stofnana er skylt að gera allt sem í þeirra valdi stendur til að draga úr hljóðmengun og koma í veg fyrir óþægindi af völdum hávaða frá starfseminni, sbr. reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.	724/2008	
3.2	Loftræstingu skal þannig háttað að hún valdi ekki fólki í nágrenninu óþægindum eða heilsufarslegri hættu vegna loft- eða hávaðamengunar. Komi upp vandamál vegna lyktar eða mengandi efna frá útblæstri er heilbrigðisnefnd heimilt að krefjast úrbóta s. s. breytinga á útrásum, eða hreinsunarbúnaðar.	724/2008, rgl. nr. 550/2018 52. gr. og rgl. nr. 787/1999 5. gr. og 9. gr.	
3.3	Upplýsingum um legu og fyrirkomulag frárennslilagna skulu vera tiltækar í fyrirtækinu. Engar breytingar verði gerðar á frárennslu sem skerði mengunarvarnir sem fyrir eru né takmarki möguleika á að koma þeim fyrir í framtíðinni. Fráveitukerfi skal vera tvöfalt sé þess talin þörf. Mengunarvarnabúnaði skal komið fyrir á fráveitu í samræmi við ákvæði III. kafla reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólp.	798/1999	

3.4	Við meðferð alls úrgangs verði þess gætt sérstaklega að flokkun hans sé í samræmi við möguleika á endurvinnslu og/eða viðurkenndri förgun eins og hún er skilgreind á hverjum tíma. Jafnframt skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs eins og við á.	737/2003	
3.5	Geyma skal öll hættuleg efni og efnasambönd á öruggan hátt í traustum og rétt merktum ílátum. Hættuleg efni skulu meðhöndluð af varúð og þess vandlega gætt, að þau hvorki berist í niðurföll né geti á annan hátt valdið umhverfisskaða eða heilsutjóni almennings.	415/2014 og lög nr. 61/2013	
3.6	Spilliefni og hættuleg efni verði meðhöndluð af varúð og aðgreind frá öðrum hráefnum, afurðum og úrgangi. Spilliefnum sé skilað í viðurkennda söfnunar- eða móttökustöð. Mikilvægt er að tryggja greinargóðar merkingar íláta og aðskilin afmörkuð rými eða svæði. Jafnframt skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 806/1999 um spilliefni.	806/1999	
3.7	Við rekstur kælikerfa með ósoneyðandi kælimiðlum skal fylgja ákvæðum reglugerðar nr. 970/2013 um efni sem valda rýnum ósonlagsins.	970/2013	
3.8	Rekstraraðila er skylt að hafa aðgengileg uppfærð öryggisblöð fyrir hreint efni eða efnablöndur sé krafa um þau sbr. 30. gr. efnalaga nr. 61/2013.	888/2015 og lög nr. 61/2003	
3.9	Heilbrigðisnefnd getur gert kröfu um að rekstraraðili útbúi viðbragðsáætlun vegna mögulegra óhappa við meðhöndlun á olíu og olíuefnum, varúðar- og hættumerktum efnum og spilliefnum. Viðbragðsáætlunin þarf að vera sýnileg á áberandi stað, yfirfara þarf hana reglubundið með starfsmönnum og halda æfingar til að æfa viðbrögð a.m.k. einu sinni á ári.	884/2017	

4. SPILLIEFNI OG ÚRGANGUR

		Rgl.nr.	Uppfyllt
4.1	Draga skal úr myndun úrgangs eins og kostur er. Meðferð úrgangs skal miðast við að úrgangur sé endurnotaður eða endurnýttur þegar þess er kostur. Að öðru leyti skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs.	737/2003	
4.2	Rekstraraðili skal eftir mætti draga úr myndun umhverfisspillandi efna, m.a. með notkun umhverfisvænna efna, með endurnýtingu, endurvinnslu eða endurhæfingu efna.	806/1999	
4.3	Óheimilt er með öllu að losa spilliefni í fráveitu.	798/1999 5. gr.	

4.4 Spilliefni skulu geymd þannig að ekki sé hætt á mengun umhverfisins eða skaðlegum áhrifum á fólk eða dýr. Spilliefnum skal safnað í lokuð, traust ílát, sem henta viðkomandi efnunum. Einstökum spilliefnategundum skal haldið aðskildum og aðgreina skal spilliefnablöndur þar sem kostur er. Óheimilt er að blanda spilliefnum við annan úrgang nema Umhverfisstofnun hafi veitt til þess leyfi. Ílátin skulu merkt með orðinu „spilliefni“ og innihaldi. Þau skulu tryggilega varðveitt þar til þau eru flutt til eyðingar eða meðhöndlunar þannig að ekki sé hætt á að umbúðir verði fyrir hnjaski.	806/1999	
4.5 Spilliefni skal ekki geyma til langframa og skal skilað reglulega til aðila sem starfsleyfi hafa til móttöku eða flutnings spilliefna.	806/1999	
4.6 Þegar rekstraraðili afhendir spilliefni til flutningsaðila eða móttökustöðvar skal halda eftir skriflegri staðfestingu fyrir móttökunni þar sem fram kemur nafn flutningsaðila, magn (kg, l), flokkun og gerð úrgangs. Sams konar upplýsingar skulu fylgja spilliefnunum. Staðfestingar síðustu 5 ára skulu liggja frammi við eftirlit í fyrirtækinu.	806/1999 11. gr.	
4.7 Að öðru leyti skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 806/1999 um spilliefni. Um skilgreiningu á spilliefnum fer skv. reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs, með síðari breytingum.	806/1999 og rgl. nr. 1040/2016	

5. EFTIRLIT

	Rgl.nr.	Uppfyllt
5.1 Um eftirlit fer samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Umhverfisstofnun og heilbrigðisnefndir annast eftirlit með atvinnurekstri. Um gjaldtöku fyrir eftirlit fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.	550/2018 og lög nr. 7/1998	

Starfsleyfisráðgjafi eiga sér m.a. stöð í eftirfarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum:

Lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, lögum nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð, efnalögum nr. 61/2013, reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni, reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi, reglugerð nr. 724/2008 um hávaða, byggingarreglugerð nr. 112/2012, reglugerð nr. 787/1999 um loftgæði, reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp, reglugerð nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna, reglugerða nr. 970/2013 um efni sem valda rýrnum ósónlagsins, reglugerð nr. 888/2015 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH) og reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs.

Starfsleyfisskilyrði fyrir flutning á úrgangi öðrum en spilliefnum

1. Almenn ákvæði og gildissvið

- 1.1. Starfsleyfisskilyrði þessi gilda fyrir aðila sem annast söfnun og flutning á úrgangi frá sorphátum til móttökustöðvar, frá starfsstöðvum til móttökustöðvar eða frá móttökustöðvum til förgunarstöðvar eða til endurvinnslu. Leyfið gildir um allt land, en þó ber rekstraraðilanum að tilkynna öðrum heilbrigðiseftirlitsvæðum um starfsemina þegar farið er í fyrsta skipti inn á annað heilbrigðiseftirlitsvæði. Tilkynning getur t.d. falist í því að senda afrit af starfsleyfi tilviðkomandi heilbrigðiseftirlits, sem getur þá haft samband við fyrirtækið, leiðbeint því um val á akstursleiðum, sett strangari skilyrði ef sérstakar aðstæður eru fyrir hendi eða jafnvel bannað akstur um viðkvæm vatnsverndarsvæði.
- 1.2. Ef um annan starfsleyfisskyldan rekstur er að ræða samhliða, gilda einnig viðeigandi starfsleyfisskilyrði. Heimilt er að endurskoða starfsleyfisskilyrðin ef í ljós koma annmarkar á framkvæmd þeirra eða skaðleg áhrif á umhverfi sem ekki voru ljós fyrir. Sama gildir ef fram koma almennar kröfur eða ný tækni sem leiðir til bættra mengunarvarna.
- 1.3. Rekstraraðili ber ábyrgð á rekstri fyrirtækis að öllu leyti þar með talið að lögum og reglum, sem eiga við um starfsemina, sé fylgt sem og kröfum í starfsleyfisskilyrðum. Breytingar á rekstri skal tilkynna til leyfisveitanda. Við flutning á spilliefnum sem flokkast sem hættulegur farmur samkvæmt reglugerð nr. 984/2000, um flutning á hættulegum farmi, gilda ákvæði þeirrar reglugerðar eftir því sem við á, m.a. um réttindi ökumanns, viðurkenndar umbúðir, merkingar á umbúðum og ökutæki, fylgibúnað og fylgigögn (farmbréf fyrir hættulegan farm og flutningsslysablað).
- 1.4. Rekstraraðili skal starfrækja innra eftirlit með mengandi þáttum, umhverfis- og rekstrarþáttum á hverri starfsstöð. Skrá skal á skilvirkan hátt og geyma upplýsingar um:
 - a) Magn og gerð úrgangs sem flutt eru.
 - b) Vegakort sem sýnir flutningsleiðir sem eknar eru oftast.
 - c) Skrá skal allar akstursleiðir sem liggja um viðkvæm svæði.
 - d) Gera skal viðbragðsáætlun vegna mengunaróhappa.
 - e) Skrá skal öll mengunaróhöpp og atvik er varða mengun og mengunarvarnir fyrirtækisins, s.s. bilanir, leka eða slys.

Innra eftirlit og skráningar skulu vera aðgengilegar eftirlitsaðilum.

2. Mengunarvarnir og umhverfismál

- 2.1 Rekstraraðila er skylt að halda flutningsbifreiðum, tækjum og búnaði ásamt byggingum og umhverfi hreinu og snyrtilegu. Fullnægjandi aðstaða skal vera fyrir hendi til daglegra þrifa á flutningstækjum.
- 2.2 Flutningstæki skulu vera þannig útbúin að sorph eða úrgangur geti ekki fallið af þeim og/eða úrgangur lekið niður og valdið ónæði eða óþrifum. Ef óhöpp verða skal strax hreinsa og þrifa upp það sem farið hefur niður. Við flutning um fjallvegi, náttúruverndarsvæði og/eða grannsvæði vatnsbóla skal gæta sérstakrar varúðar.
- 2.3 Einungis er heimilt að losa heimilissorp og framleiðsluúrgang á viðurkenndum sorpmóttöku- eða förgunarstöðum.
- 2.4 Ílát fyrir úrgang skulu merkt svo ekki fari milli mála hvað verið sé að flytja. Ef upplýsingar vantar skal merkja farminn sem óþekktan.

2.5 Starfseminni skal þannig hagað að hún valdi ekki nágrönnum eða fólki í nærliggjandi húsakynnum óþægindum vegna lyktar eða ónæðis.

2.6 Tilkynna skal heilbrigðiseftirliti ef starfsemin er lögð niður.

3. Eftirlit með færanlegri starfsemi

3.1 Fari starfsemin á eftirlitssvæði heilbrigðisnefndar sem ekki hefur gefið út starfsleyfi skal senda tilkynningu til fulltrúa beggja viðeigandi heilbrigðisnefnda sbr. gr.1.1.

3.2 Heilbrigðisfulltrúar hafa eftirlit með færanlegri starfsemi í umboði heilbrigðisnefndar á hverju eftirlitssvæði.

3.3 Heilbrigðisnefndir gera með sér samkomulag um fyrirkomulag heilbrigðiseftirlits á milli eftirlitssvæða. Gjaldtaka fyrir eftirlit skal vera í samræmi við gjaldskrá viðkomandi eftirlitssvæðis.

Starfsleyfisskilyrði fyrir flutning á úrgangi SKILGREININGAR

Skilgreiningar skv. lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs:

Úrgangur: hvers kyns efni eða hlutir sem handhafi úrgangs ákveður að losa sig við, ætlar að losa sig við eða er gert að losa sig við. (ath. þó ekki seyra)

Spilliefni: úrgangur sem inniheldur efni sem haft geta mengandi eða óæskileg áhrif á umhverfið hvort sem þau eru óblönduð eða hluti af öðrum efnum, vörum eða umbúðum sem komist hafa í snertingu við spilliefni og skráð eru á lista í reglugerð um úrgang

Flutningur: ferli þegar úrgangur er fluttur í atvinnuskyni til endurnýtingar eða förgunar.

Förgunarstaður: staður þar sem förgun úrgangs fer fram, m.a. urðunarstaðir og brennslustöðvar.

Móttökustöð: staður og aðstaða þar sem tekið er við úrgangi til geymslu til lengri eða skemmri tíma, til umhleðslu, flokkunar eða annarrar meðhöndlunar. Þaðan fer úrgangurinn til förgunar eða nýtingar, eða honum er fargað á staðnum. Undir móttökustöð falla flokkunarmiðstöðvar og förgunarstaðir.

Söfnunarstöð (gámastöð): staður og aðstaða þar sem tekið er við úrgangi frá almenningi og/eða smærri fyrirtækjum. Þaðan fer hann til endurnotkunar og endurnýtingar eða er fluttur til móttökustöðva.

Starfsleyfissskilyrði fyrir flutning á spilliefnum

4. Almenn ákvæði og gildissvið

- 1.1. Starfsleyfissskilyrði þessi gilda fyrir aðila sem annast söfnun og flutning á spilliefnum öðrum en þeim sem flutt eru með dælubifreiðum. Starfsleyfi sem gefin eru út á grunni þeirra falla úr gildi ef skipt er um eigendur eða starfsemin flytur. Starfsleyfissskilyrðin gilda fyrir flutning á spilliefnum frá móttökustöð til förgunarstöðvar eða til endurvinnslu. Leyfið gildir um allt land, en þó ber rekstraraðilanum að tilkynna öðrum heilbrigðiseftirlitsvæðum um starfsemina þegar farið er í fyrsta skipti inn á annað heilbrigðiseftirlitssvæði. Tilkynning getur t.d. falist í því að senda afrit af starfsleyfi til viðkomandi heilbrigðiseftirlits, sem getur þá haft samband við fyrirtækið, leiðbeint því um val á akstursleiðum, sett strangari skilyrði ef sérstakar aðstæður eru fyrir hendi eða jafnvel bannað akstur um viðkvæm vatnsverndarsvæði.
- 1.2. Ef um annan starfsleyfissskyldan rekstur er að ræða samhliða, gilda einnig viðeigandi starfsleyfissskilyrði. Heimilt er að endurskoða starfsleyfissskilyrðin ef í ljós koma annmarkar á framkvæmd þeirra eða skaðleg áhrif á umhverfi sem ekki voru ljós fyrir. Sama gildir ef fram koma almennar kröfur eða ný tækni sem leiðir til bættra mengunarvarna.
- 1.3. Rekstraraðili ber ábyrgð á rekstri fyrirtækis að öllu leyti þar með talið að lögum og reglum, sem eiga við um starfsemina, sé fylgt sem og kröfum í starfsleyfissskilyrðum. Breytingar á rekstri skal tilkynna til leyfisveitanda. Við flutning á spilliefnum sem flokkast sem hættulegur farmur samkvæmt reglugerð nr. 984/2000, um flutning á hættulegum farmi, gilda ákvæði þeirrar reglugerðar eftir því sem við á, m.a. um réttindi ökumanns, viðurkenndar umbúðir, merkingar á umbúðum og ökutæki, fylgibúnað og fylgigögn (farmbréf fyrir hættulegan farm og flutningsslysablað).
- 1.4. Rekstraraðili skal starfrækja innra eftirlit með mengandi þáttum, umhverfis- og rekstrarþáttum á hverri starfsstöð. Skrá skal á skilvirkan hátt og geyma upplýsingar um:
 - a) Magn og gerð spilliefna sem flutt eru.
 - b) Vegakort sem sýnir flutningsleiðir sem eknar eru oftast.
 - c) Skrá skal allar akstursleiðir sem liggja um viðkvæm svæði.
 - d) Gera skal viðbragðsáætlun vegna mengunaróhappa.
 - e) Skrá skal öll mengunaróhöpp og atvik er varða mengun og mengunarvarnir fyrirtækisins, s.s. bilanir, leka eða slys.Innra eftirlit og skráningar skulu vera aðgengilegar eftirlitsaðilum.

5. Mengunarvarnir og umhverfismál

- 2.1 Rekstraraðila er skylt að halda flutningsbifreiðum, tækjum og búnaði ásamt byggingum og umhverfi hreinu og snyrtilegu. Fullnægjandi aðstaða skal vera fyrir hendi til daglegra þrifa á flutningstækjum.
- 2.2 Flutningstæki skulu vera þannig útbúin að spilliefni geti ekki fallið af þeim og/eða lekið niður og valdið ónæði eða óþrifum. Spilliefnum skal pakkað í lokuð ílát sem heilbrigðiseftirlit samþykkir og geta þau verið mismunandi eftir flutningsleiðum. Ílát skulu tryggilega fest þannig að þau kastist ekki til og tolli í farmrými ef óhöpp verða. Ef óhöpp verða skal strax hreinsa og þrifa upp það sem farið hefur niður. Við flutning um fjallvegi, náttúruverndarsvæði og/eða grannsvæði vatnsbóla skal spilliefnum skal pakkað í tryggilega lokuð ílát, þ.e. gjarðatunnur, málmkór eða annað sem ekki lekur ef til þess

kæmi að bifreið myndi velta. Allur flutningur spilliefna um eða yfir brunnsvæði vatnsbóla er bannaður.

- 5.1 2.3 Umbúðir hættulegra efna skulu merktar samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 236/1990. Sá sem tekur við spilliefnum til flutnings skal ganga úr skugga um að umbúðir séu rétt merktar og að farmbréf fylgi. Ef upplýsingar vantar skal merkja farminn sem óþekkt spilliefni.
- 5.2 2.4 Rekstraraðili skal hafa tiltækar upplýsingar um eiginleika hættulegra efna og úrgangs í stjórnhúsi flutningstækis. Ennfremur skulu vera upplýsingar um eitrunareinkenni efna og úrgangs sem fluttur er, ásamt fyrstu hjálp og viðbrögð við bruna, leka eða slysi. Samskonar upplýsingar skulu vera í aðsetri fyrirtækisins. Þær skulu vera á íslensku eða tungumáli sem ökumaður skilur.
- 5.3 2.5 Í bifreiðum sem flytja fljótandi spilliefni ber að hafa til taks efni eða búnað sem sýgur í sig viðkomandi vökva og nota ef óhapp verður. Hvers konar óhöpp þar sem flutningur spilliefna á í hlut ber að tilkynna til neyðarlínu í síma 112.
- 5.4 2.6 Geyma skal öll hættuleg efni og efnasambönd á öruggan hátt. Óheimilt er að blanda spilliefnum við annan úrgang. Hættuleg efni skulu meðhöndluð af varúð og þess vandlega gætt að þau hvorki berist í niðurföll né geti á annan hátt valdið umhverfisskaða eða heilsutjóni almennings.
- 5.5 2.7 Tilkynna skal heilbrigðiseftirliti ef starfsemin er lögð niður.
- 5.6

6. Eftirlit með færánlegri starfsemi

- 6.1 3.1 Fari starfsemin á eftirlitssvæði heilbrigðisnefndar sem ekki hefur gefið út starfsleyfi skal senda tilkynningu til fulltrúa beggja víðeigandi heilbrigðisnefnda sbr. gr.1.1.
- 6.2 3.2 Heilbrigðisfulltrúar hafa eftirlit með færánlegri starfsemi í umboði heilbrigðisnefndar á hverju eftirlitssvæði.
- 6.3 3.3 Heilbrigðisnefndir gera með sér samkomulag um fyrirkomulag heilbrigðiseftirlits á milli eftirlitssvæða. Gjaldtaka fyrir eftirlit skal vera í samræmi við gjaldskrá viðkomandi eftirlitssvæðis.
- 6.4

7. Ýmis ákvæði

- 7.1 4.1 Eintak af starfsreglum þessum skulu ávalt tiltæk á vinnustað.
- 7.2 4.2 Um starfsumhverfi og varnir gegn skaðlegum áhrifum á starfsmenn fer samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað og hollustuhætti á vinnustöðum.
- 7.3 4.3 Forráðamaður fyrirtækisins ber ábyrgð á að það starfi í samræmi við skilyrði þessi.